



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík
Sími 92-3100

136. fundur skólanefndar
Fjölbrautaskóla Suðurnesja haldinn mánudaginn 27. júní 1988 í
bóknámshúsi skólans kl. 17.00.

Fundinn sátu: Guðmundur Björnsson formaður, Hjálmar Árnason
skólameistari, Jón Gunnarsson, Guðjón Sigurbjörnsson, Gylfi
Gunnlaugsson, Kristinn Kristjánsson, Helga Sigrún Harðardóttir,
Ingólfur Halldórsson aðstoðarskólameistari, Ágí Sigurðsson
áfangastjóri og Stefán Jónsson fjármálastjóri og fundarritari.

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Sérstaklega
bauð hann velkominn Ágí Sigurðsson nýsettan aðstoðarskóla-
meistara. Síðan var gengið til dagskrár:

1. Kennararáðningar:

Axel Sigurbjörnsson óskar eftir skipun. Samþykkt að mæla með
skipun.

Eftirtaldir sóttu um endursetningu:

Alda Jensdóttir
Gísli Torfason
Guðmundur Björgvinsson
Gunnar Þórarinnsson
Helgi Eiríksson
Kristján Pétur Ásmundsson
Magnús Ólafur Ingvarsson
Oddný G. Harðardóttir

Samþykkt að mæla með setningu til eins árs.

Eftirtaldir sóttu um setningu:

Auður Ingvarsdóttir
Hrafn Bragason
Helena Valtýsdóttir
Hjörtur Marteinnsson

Samþykkt að mæla með að Helena Valtýsdóttir og Hjörtur
Marteinnsson yrðu sett til eins árs.

Eftirtaldir kennarar hafa sótt um stundakennarastöður:

Eiríkur Benediktsson
Kolbrún Valdimarsson
Kristrún Guðmundsdóttir
Jón Pálmi Skarphéðinsson
Hörður Ragnarsson.

Samþykkt að mæla með ráðningu þeirra.

Þrátt fyrir auglýsingar þar um hefur ekki tekist að ráða í
kennarastöður í íslensku, íþróttum, tölvufræði og 1/2 stöðu
kennara í vélritun. Samþykkt að auglýsa áfram.


2. Önnur mál.

a) Ferð til Sauðárkróks 21. júní sl. Fundur forráðamanna 4 skóla um hin nýju framhaldsskólalög. Af FS hálfu sóttu fundinn formaður skólanefndar, skólameistari og fjármálastjóri, en fulltrúar frá FVA, FSe og FÁS. Tilgangur fundarins var fyrst og fremst sá að safna hugmyndum fyrir skólameistara, en þeir munu starfa í nefndum á vegum menntamálaráðuneytisins er vinna að reglugerðarsmið vegna nýju framhaldsskólalaganna. Menn voru sammála um þær áherslur sem leggja þyrfti í þessu starfi þ.e. í engum atriðum mætti þjónusta skólanna minnka og ríkið gengi inn í þær skuldbindingar sem sveitarfélögin hafa ein haft, jafnhliða öðrum skuldbindingum.

Stjórn SSS hefur verið gerð grein fyrir þeim breytingum sem verða á skólastarfinu með tilkomu hinna nýju laga. Þá hefur stjórn SSS verið minnt á að tilnefna þarf 4 fulltrúa sveitarfélaga í nýja, fimm manna skólanefnd þar sem menntamálaráðherra skipar formann án tilnefningar.

b) Bréf frá Bæjarstjórn Keflavíkur frá 6. maí með áskorun til skólanefndar FS um að bjóða skólaakstur út lagt fram. Með tilvísun til þeirrar endurskoðunar sem aðstoðarskólameistari hefur verið að vinna að á tilhögun skólaaksturs lítur skólanefnd svo á að hún hafi afgreitt þessa áskorun bæjarstjórnar Keflavíkur með viðhlítandi hætti. Minnt á að SSS er að endurskoða fyrirkomulag alls skólaaksturs á Suðurnesjum.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18.30.


Stefán Jónsson
fundarritari


Guðmundur Björnsson
formaður skólanefndar



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík
Sími 92-3100

Suðurnesjum 1. júlí 1988

Menntamálaráðherra
Birgir Isleifur Gunnarsson


Dagana 21. og 22. júní s.l. var haldinn á Sauðárkróki fundur með fulltrúum fjögurra fjölbrautaskóla, þ.e. skólanna af Vesturlandi, Sauðárkróki, Suðurlandi og Suðurnesjum. Fundinn sátu formenn skólanefnda, skólameistarar og fjármálastjórar áðurgreindra skóla. Tilefni fundarins var staða fjölbrautaskóla í ljósi laga um framhaldsskóla.

Sem fundarritara var mér falið að koma eftirfarandi á framfæri við yður:

1. Fundarmenn fögnuðu setningu laganna.
2. Með lögunum má segja að forsendur fyrir svonefndum námsvistargjöldum séu brotnar enda rekstrarkostnaður allur greiddur af ríkissjóði. Því beinir fundurinn því til yðar að þér beitið yður fyrir afnámi námsvistar-gjalds. Með afnámi laga um iðnfræðslu hefur og horfið lagaleg forsenda fyrir þeim.
3. Fundarmenn töldu mikilsvert að nýjar skólanefndir gerðu sér strax ljósa stöðu sína, valdsvið og hlutverk. Með lögunum hefur ábyrgð skólanefnda aukist til muna. Þeim tilmælum er því komið á framfæri við yður að þér beitið yður fyrir ráðstefnu með öllum skólanefndarfulltrúum framhaldsskóla jafnskjótt og skólanefndir hafa verið skipaðar.

Ábendingum þessum er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllst,


Hjálmar Arnason,
skólameistari.